

Nd.

89. Tillaga

til þingsályktunar um heimild til tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs i togurum hf. »Kára«.

Frá fjárhagsnefnd.

Alþingi ályktar að heimila ráðherra að færa veðrjett ríkissjóðs i togurum hf. »Kára« aftur fyrir allt að 150 þús. kr. skuld fjelagsins til Íslandsbanka, að því tilskildu, að fjelagið fái nægilegt rekstrarlán til þess að halda áfram útgerð skipanna, fyrst um sinn til loka næstu vertíðar.

Greinargerð.

Árið 1923 tókst ríkissjóður á hendur gagnvart Íslandsbanka sjálfskuldar-ábyrgð fyrir 5000 sterlingspundum af skuld fiskiveiðahlutafjelagsins »Kára« við enskan banka og fjekk jafnframt til tryggingar fyrir ábyrgðinni 2. veðrjett i tveimur togurum fjelagsins, næst á eftir 20,000 sterlingspunda veðskuld við sama banka. Þennan veðrjett má nú telja nálega einskis virði, sakir verðlækkunar skipanna. Íslandsbanki hefir neitað fjelaginu um frekari lán, nema ríkissjóður færi til veðrjett sinn, á þann hátt, er greinir í tillögunni. En fjárhagur fjelagsins er svo bágborinn, að það getur ekki haldið útgerðinni áfram án þess að fá nýtt rekstrarlán. Nefndin telur það ekki rjett, að ríkissjóður verði þessu fiskiveiðafjelagi að falli með því að neita um þá tilslökun, sem hjer er farið fram á, enda sennilega engu með tilslökuninni fórnað af hálfu ríkissjóðs. Aftur á móti verður það naumast talið alveg vonlaust, að fjelagið geti rjett við fjárhag sinn, ríkissjóði til hagsmuna, ef því er hjálpað til þess að halda áfram útgerðinni.